

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Sjöntækjafraeðingar sem uppfylla menntunarskilyrði til sjónmælinga hafa frest til 1. apríl 2005 til að sækja um leyfi til sjónmælinga skv. 1. gr. eða staðfestingu á leyfi til sjónmælinga skv. 2. gr.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. desember 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 947,  
18. nóvember 2004.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi 1. janúar 2005:

3. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

|  |       |             |
|--|-------|-------------|
| a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli            | 416   | + 14% vsk   |
| b) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra                 | 45    | + 14% vsk   |
| c) Vantsgjald fyrir hvern rúmmetra til snjóbræðslu | 45    | + 24,5% vsk |
| d) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til iðnaðar     | 45    | + 24,5% vsk |
| e) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til sundlauga   | 22,50 | + 14% vsk   |

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

**AUGLÝSING****um hækkun atvinnuleysisbóta.**

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 7. mars 2004 hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 3% frá 1. janúar 2005.

*Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*